

Mál nr. 117/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Hagkaup á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi 4.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V-1 dags. 10.4.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 19.4.2017

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á bílastæði Hagkaup við Eiðistorg á Seltjarnarnesi. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita merkja báðir ökumenn við tl. 4,13 og 14 þ.e. ók út úr bílastæði, beygði til vinstri og ók aftur á bak. Hvorugur ökumaður merkir við þar til gerðan reit á framhlið tjónstilkynningar um að ökutæki hans hafi verið kyrrstætt þegar árekstur varð. Ökumaður B hefur haldið því fram síðar að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð.

Álit.

Leggja verður til grundvallar það sem ökumenn skrá á vettvangi á tjónstilkynningu um málsatvik nema ótvírætt verði sannað, að atvik hafi að einhverju leyti verið með öðrum hætti. Báðir ökumenn bera skv. merkingum á tjónstilkynningu að þeir hafi ekið aftur á bak úr stöðureit þegar árekstur varð. Leggja verður þann framburð til grundvallar og skv. honum sem og öðrum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 23.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.